

Nd.

206. Nefndarálit

um frv. til fjáráukalaga fyrir árið 1922.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum smávægilegum breytingum. Yfirskoðunarmenn landsreikninganna telja, að leita beri aukafjárveitingar fyrir umframgreiðslum til endurgjalds fyrir burðareyri handa embættismönnum og embættisskeyti til greiðslu á brunabótagjöldum, sótaragiöldum o. fl. fyrir ýmsar opinberar byggingar og gjöldum til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar, en á þetta hefir stjórnin ekki getað fallist. Enda þótt hjer sje um lögboðnar og óhjákvæmilegar greiðslur að ræða, þá hefir fjárhagsnefndin þó fallist á tillögu yfirskoðunarmannanna um, að rjett sje að taka þessar fjárhæðir upp í frumvarpið. Fyrir umframgreiðsluna »til áhalda við fimleikakenslu« við mentaskólann og »til eldiviðar og ljósa« í gagnfræðaskóla á Akureyri telur nefndin, að leita beri aukafjárveitingar, þó að í fjárlögunum sje um áætlunarupphæðir að ræða. Aðrar breytingartillögur nefndarinnar eru til leiðrjettningar á prentvillum í frv.

BREYTINGARTILLÖGUR :

1. Við 2. gr. B. 5. Fyrir »60,00« komi: 60,39
2. Við 3. gr. B. 1. Við bætist nýir liðir, þannig:

2. Burðareyrir og embættisskeyti:	
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	10512,76
b. Fyrir embættisskeyti	106,42
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar	14016,50
3. Við 3. gr. B. 6. Nýr liður:	
7. Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar	40208,10
4. Við 4. gr. 27. a. Fyrir »18258,25 komi: 18258,26.	
5. Við 6. gr. B. III. 9. Nýr liður:	
11. Til áhalda við fimleikakenslu	55,78
6. Við 6. gr. B. IV. b. 3. Fyrir »451,00« komi:	178,33
7. Við 6. gr. B. IV. b, 3. Nýr liður:	
4. Til eldiviðar og ljósa	451,00

Samlagningartölur í frumvarpinu breytast samkvæmt þessu.

Alþingi, 22. mars 1924.

Jón Þorláksson,
form.

Jörundur Brynjólfsson,
fundaskr.

Aug. Flygenring.

Sveinn Ólafsson.

Jakob Möller,
frsm.

Halldór Stefánsson.

Jón A. Jónsson.